

REGLUR

um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja fyrir heyrnarskerta.

1. gr.

Allir landsmenn skulu eiga rétt á heyrnartækjum. Úthlutun heyrnartækja er ávallt háð samþykki yfirlæknis Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir nauðsynleg heyrnartæki sem hér segir:

- | | |
|---|------|
| 1. Fyrir börn og unglinga til loka skólaskyldu | 100% |
| 2. Fyrir 18 ára og eldri | 60% |
| en þó aldrei hærri upphæð en sem nemur kr. 7 000,00. | |
| 3. Fyrir þá sem nota þurfa tvö tæki samtímis og eru 18 ára og eldri | 70% |
| en þó aldrei hærri upphæð en sem nemur kr. 16 000,00. | |

3. gr.

Sá, sem fengið hefur heyrnartæki getur fengið tæki á ný:

1. Þegar heyrn hans hefur breyst svo, að fyrra tækið verður ófullnægjandi.
2. Þegar þróun í gerð tækja veldur því að honum nýtist ný gerð betur.
3. Þegar fyrra tækið hefur gengið úr sér, svo það kemur ekki að notum lengur.

4. gr.

Peir, sem orðnir eru 18 ára, skulu ekki fá styrk til heyrnartækjakaupa oftar en á þriggja ára fresti, en yngri en 18 ára á tveggja ára fresti.

Þrátt fyrir ofangreind tímamörk er heimilt að greiða 50% af verði nýs tækis fyrir yngri en 18 ára og 35% fyrir 18 ára og eldri eyðileggist eða tynist tækið.

Þurfi einstaklingar ekki lengur á heyrnartæki að halda ber honum að skila því til Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands. Er stöðinni heimilt að greiða viðkomandi til baka ákveðinn hluta.

5. gr.

Heimilt er yfirlækni Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands að höfðu samráði við menntamálaráðuneyti, eftir nákvæma prófun á vegum stöðvarinnar að úthluta til láns F. M. heyrnartækjum (sendi og móttakara) til þjálfunar mjög heyrnarskertum börnum á skólaskyldu aldri til þess að þeim nýtist almenn skólaganga. Skyld er að skila tækinu til Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands þegar þess er ekki lengur þörf.

6. gr.

Heimilt er yfirlækni Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands að úthluta F. M. tækjum til láns einstaklingum þótt þeir hafi lokið skyldunámi, eftir nákvæma prófun á vegum stöðvarinnar. Skyld er að skila slíkum tækjum þegar þeirra er ekki frekar þörf.

7. gr.

Fyrir rafhlöður greiðir ríkissjóður að fullu þegar yngri en 18 ára eiga í hlut.

8. gr.

Ofangreindar reglur, sem öðlast gildi þegar við birtingu, eru settar með stoð í 5. gr. laga nr. 35/1980 um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Jafnframt falla úr gildi reglur frá 27. mars 1984.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. mars 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands.

1. gr.

Fyrir hverja læknisskoðun og heyrnarrannsókn greiði sjúklingur kr. 325,00. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða kr. 130,00. Undanþegnir þessu gjaldi eru allir nemendur Heyrnleysingjaskóla Íslands svo og börn og unglingar að 18 ára aldri, sem reynast það heyrnar-skert að þau þurfi á heyrnartæki að halda.

2. gr.

Fyrir hverja rafhlöðuúthlutun (6 stykki) greiða elli- og örorkulífeyrisþegar kr. 50,00. Aðrir greiða að fullu nema börn og unglingar sem eru undanþegin gjaldi sbr. 1. gr.

3. gr.

Gjald fyrir hverja heyrnarrannsókn á vinnustöðum fer samkvæmt samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins. Þau skulu þó ætíð standa undir öllum kostnaði stöðvarinnar við þessar mælingar.

4. gr.

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem ákveðin er með heimild í 7. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, öðlast gildi frá og með 1. apríl 1986 að telja. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá frá 3. desember 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. mars 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.